



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 4. tbl.

Apríl 2010



Gleðilegt sumar!



Öskudagur í Þjórsárskóla



Íbúar Matthíasarskógar á árshátíð skólans voru hressir þegar beðið var eftir því að fara á svið 😊



Á forsíðunni eru myndir teknar á árshátíð Þjórsárskóla sem var mjög vel heppnuð. Sett var upp leikritið um Ronju ræningjadóttur og hljómsveit lék með. Allir nemendur tóku þátt í sýningunni og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel.

Hópmyndina tók Einar Bjarnason en hinar sýna unga leikendur sem eru f.v. Aníta Hrund Vilhjálmisdóttir, Einar Ágúst Ingvarsson og Ljósbrá Loftsdóttir í hinum ýmsu gervum. Til vinstri hér á opnunni eru svo myndir af Öskudagsskemmtun skólans, þar voru margar verur á sveimi sem slógu köttinn úr tunnunni og dansað var af lífi og sál þar sem Jón Bjarnason skífupeytir sá um fjörið og neðst eru svo kátir krakkar eins og sést vel.

Fermingarmessur

Stóra-Núpskirkja

sumardaginn fyrsta 22. apríl kl. 11:00

Þau sem fermd verða eru:

Hrafnhildur Jóhanna Sigurðardóttir

Nikulás Hansen Daðason

Elísabet Ólafsdóttir



Ólafsvallakirkju

sunnudaginn 25. apríl kl. 11:00

Þau sem fermd verða eru:

Baldvin Ari Eiríksson

Eypór Smári Hjörvarsson

Hannes Orri Ásmundsson

Hildur Birna Vignisdóttir

Katrín Georgsdóttir

Sandra Dögg Eggertsdóttir



64. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 6.apríl 2010 kl.10.30 í Árnesi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerðir félagsmálanefndar 122. fundur haldinn 24.02.10 og 123. fundur haldinn 02.03.10. - Fundargerðir staðfestar.
2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 22. fundur haldinn 23.03.10 og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 39 og 40.
Fundur 22.
Mál 1, Fossnes stöðuleyfi 40 feta kæligámur.
Mál 22, Deiliskipulag í Brautarholti á Skeiðum.
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins verður auglýst samhliða deiliskipulaginu.
Mál 28. Flatir breyting á deiliskipulagi. - Hreppsnefnd staðfestir fundargerð nr. 22.
Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 39.og 40 - Fundargerðir lagðar fram.
3. Fundargerð 432. fundar stjórnar SASS haldinn 26.03.10.
Fundargerð lögð fram.
4. Fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 22.03.10. Fundargerð lögð fram.
5. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu 96. fundur haldinn 08.02.10 og 97. fundur haldinn 01.03.10. einnig lagðar fram fundargerðir fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu 81. fundur haldinn 21.01.10 og 82. fundur haldinn 19.02.10. - Fundargerðir lagðar fram.
6. Fundargerð Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 291. fundur haldinn 03.03.10.
Fundargerð lögð fram.
7. Lagt fram til umsagnar aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.

Bókun:

Í gildandi Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er gert ráð fyrir miðlunarlóni vegna Urriðafossvirkjunar með lónhæð upp á allt að 51 m.y.s. í samræmi við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Í tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps sem nær yfir fyrrum Villingaholtshrepp gildandi er gert ráð fyrir miðlunarlóni með lægri lónhæð eða 50 m.y.s. Þrátt fyrir þennan mun er það mat sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að það feli ekki í sér ósamræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

8. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi þar sem farið er fram á umsögn vegna rekstur gististaðar í Nonnahúsi á Miðhúsum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
9. Staðfesting frá Umhverfisráðuneyti á breytingu á aðalskipulagi vegna vegalagningar og brúargerðar yfir Þjorsá á mótis við Árnes.
Sveitarstjórn fagnar staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna vegar og brúar yfir Þjorsá, en bendir jafnframt á að ósamræmis gæti í úrskurðum umhverfisráðuneytisins, þar sem ráðherra synjaði staðfestingar á annari breytingu aðalskipulags þ.e. vegna Hvamms og Holtavirkjana. Sömu forsendur eru vegna beggja skipulagsbreytinga.
10. Erindi frá Fagfélaginu á Stóra Hofi með ósk um niðurfellingu fasteignargjalda á ónotuðum lóðum félagsins. - Erindinu hafnað.

11. Drög að innkaupareglum fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Samþykkt að gera breytingar og leggja fram næsta fundi.
12. Kynning og fundargerð vegna hugmyndar að stofnum Matarsmiðju í uppsveitum Árnessýslu. - Lagt fram.
13. Hugsanleg þátttaka í sameiginlegu verkefni varðandi urðun seyru. Sveitarstjórn hafnar þáttöku í verkefninu.
14. Umsögn um eftirfarandi þingmál frv. til skipulagslaga 435. mál/ frv. til laga um mannvirki 426.mál/ frv. til laga um brunavarnir 427.mál / og frv. til laga um sveitarstjórnarlög 452. mál. Athugasemd sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps við frumvarp til skipulagslaga mál nr. 435.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur nauðsynlegt að í nýjum skipulagslögum verði heimild til handa sveitarfélögum að endurheimta frá framkvæmdaraðila kostnað sem hlýst af breytingum á aðalskipulagi eins og gert var ráð fyrir í 20. gr. eldri draga að frumvarpi til skipulagslaga. Flestar breytingar á skipulagi eru unnar að óskum lóðarhafa eða framkvæmdaraðila, það er því eðlilegt að þeir beri kostnað vegna breytinganna. Fráleitt er að halda því fram að það hafi áhrif á ákvarðanatöku sveitarstjórna þó lóðarhafar eða framkvæmdaraðilar greiði útlagðan kostnað vegna skipulagsbreytinga.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Skipulagsstofnun fái fullnaðarvald til þess að staðfesta aðal- og svæðisskipulagstillögur til að tryggja að fagleg sjónarmið ráði staðfestingu eða höfnun skipulagstillagna og stytta um leið þann tíma sem skipulagsferlið tekur.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að ef sú tilhögun nær ekki fram að ganga, verði skýr tímamörk sett á þann tíma sem ráðherra hefur til að afgreiða aðalskipulagstillögur. Það er okkar álit að 2 mánuðir sé vel ríflegur tími fyrir ráðherra að afgreiða svona mál. Með öllu er óásættanlegt að sveitarfélag þurfi að bíða í meira en 14 mánuði eftir úrskurði ráðherra eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur þurft að gera, slíkur afgreiðslumáti getur ekki talist ásættanleg stjórnsýsla.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við önnur ofangreind frumvörp.

15. Farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir sveitarfélagsins. Nánari útlistanir lagðar fyrir næsta fund.
16. Tillaga um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS. - Farið yfir stöðu mála.
17. Verðkönnun á hreinlætisvörum. - Ákveðið að undirbúa útboð á hreinlætisvörum.
18. Styrkir til framboða.
Sveitarstjórn samþykkir að veita hverju framboði til sveitarstjórnar í komandi sveitarstjórnarkosningum kr. 50.000 í styrk. Einnig frían aðgang að húsnæði sveitarfélagsins til fundarhalds.
19. Skyndihjálparnámskeið.
Búnaðarfélag, ungmennafélag og kvenfélag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi óska eftir niðurfellingu á húsaleigu vegna skynhjálparnámskeiðs, sem þau standa fyrir 18. apríl. Sveitarstjórn samþykkir að fella niður húsaleigu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl: 14.30

Verðlisti frá Búnaðarfélagi Skeiðahrepps

Ásmundur Lárusson í Norðurgarði sér um tækin og tekur á móti pöntunum í síma 895-8436

Tækin eru staðsett í Norðurgarði og á Reykjum hjá Rúnari (sími 693-4783)
Þessi tæki eru til útleigu í sumar:

Tæki	Verð		Lágmarksgjald
Leiga á loftpressu	1.800	klst	
Leiga á sáðbeðsherfi	2.400	klst	3.500
Leiga á pinnatætara	2.400	klst	3.500
Leiga á vendiplógi	2.400	klst	3.500
Leiga á plógi	2.200	klst	3.500
Leiga á steypuhrærivél	1.200	tökugjald	
Leiga á sláttuvél	850	klst	3.500
Leiga á kornsnigli	300	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á flaghefli	600	klst	3.500
Leiga á Khun tætara	2.400	klst	3.500
Leiga á fjölnotadreifara	15.600	dagsgjald	
Leiga á kornsnigli-stórum	360	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á haugtanki NC	15.600	dagsgjald	
Leiga á kerru	3.500	dagsgjald	
Leiga á kornvalsi	2.400	tn	10.000 gjaldfært eftir 5 tn
Leiga á valtara	2.400	klst	4.500
Kornsláttur	18.000	klst	5.000 Komugj.
Húsaleiga	1.600	fm	

10% afsláttur er veittur félögum í Búnaðarfélögum Skeiða- og Gnúpverja

Skarni ehf leigir út mykjudreifara sem getur felld mykjuna ofan í svörðinn eða dreift henni með slöngum, dreifarinn er eingöngu leigður út með dráttarvél og manni. Afköstin eru mjög mikil eða u.þ.b. 60—100 tn á klst.

Davíð Ingvason á Brjánsstöðum vinnur með dreifarann og tekur á móti pöntunum í s. 898-9154

Búnaðarfélag Skeiðahrepps

(Endilega geymið auglýsinguna!)

Þjórsárstofa - upplýsingar!

Öllum þjónustuaðilum hér í sveitinni er gefinn kostur á að verða með upplýsingar um starfsemi sína í Þjórsárstofu í Árnesi og biðjum við áhugasama um að hafa samband hið fyrsta á hreppsskrifstofuna í síma 486-6014 eða senda póst á frettabref@skeidgnup.is

Undirbúningshópurinn.

Bílaþrif og bón!

Tökum að okkur alþrif og bón á bílum. Sækjum bílana heim sé þess óskað og getum lánað bíl meðan á þrifum stendur. Sjáum um allt nema djúphreinsun.

Verðskrá

5.000 kr - Smábílar

6.500 kr - Skutbílar

6.000 kr - Fólksbílar

8.000 kr - Jeppar

**Annars eftir samkomulagi,
eftir stærð og gerð bílanna.**

Bjarni Már Ólafsson - (bjarnimar@hotmail.com)
Reykjum 693-4785

Tómas Karl Guðsteinsson Egilsstöðum 2
gsm 865-0526



Aðalfundur veiðifélags Þjórsár

var haldinn 29. mars síðast liðinn að Laugalandi í Holtum. Var ekki búið að halda aðalfund í félaginu í nú ári.

Á fundinum var auk venjulegra aðalfundastarfa bornar upp nýjar samþykktir fyrir félagið, en ný lög um lax og silungsveiðar tóku gildi árið 2004 og áttu öll veiðifélög að vera búin að taka upp nýjar samþykktir fyrir árið 2006.

Í október s.l. var boðað til aðalfundar þar var m.a. kosin ný stjórn og hefur hún verið að vinna nýjar samþykktir fyrir félagið og voru þær kynntar á aðalfundinum 29 mars s.l. en þar sem 2/3 félagsmanna þurfa að mæta á fund til að samþykktirnar öðlist gildi er erfitt að koma þeim í gegn í svona stóru félagi á fyrsta fundi og var því aðalfundinum frestað.

Nú boðar stjórn veiðifélags Þjórsár til framhalds aðalfundar að **Laugalandi í Holtum mánudagskvöldið 26. apríl kl. 20.30**

og verða þá samþykktirnar bornar upp til afgreiðslu en nú ræður afl atkvæða við afgreiðslu mála.

Dagskrá fundarins verður:

- 1) Bornar upp til samþykktar nýjar samþykktir fyrir veiðifélag Þjórsár.
- 2) Kosningar.



Þeir sem vilja kynna sér nýju samþykktirnar geta haft samband við undirritaðan í síma 865-4449.

Með von um góða mætingu.
Oddur G. Bjarnason

**Vortónleikar Vörðukórsins verða í
Árnesi miðvikudaginn 21. apríl kl.
20:30. (Síðasti vetrardagur)**

Á efnisskránni verður íslensk tónlist af
ýmsum gerðum, gömul og ný.
Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir og
undirleikari Stefán Þorleifsson.
Miðaverð kr. 1500.
Frítt fyrir börn á grunnskólaaldri.

**Ath. Vörðukórinn flytur sömu efnisskrá
í Salnum í Kópavogi
laugardaginn 24. apríl kl. 15:00.**



Frá námskeiðsnefnd Kvenfélags Gnúpverja

Síðasta handavinnukvöld vetrarins verður hjá Gunnu í Þrándarholti þriðjudagskvöldið 20. apríl kl. 20:30.

Enn þrjónum við húfur m.a. en mætið með hvaða handverk sem ykkur sýnist eða áhugavert lesefni.

Kaffi og meðlæti,
kveðja Nefndin



Þarftu að láta mála húsin eða útihúsin fyrir sumarið?

Nú er rétti tíminn til að huga að útivinnunni.

Endilega hafið samband

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Málrameistari

Sími: 868 6576

Netfang: allimal@simnet.is



Atvinnuuppbyggingarsjóður

Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Minnum á að stofnaður hefur verið sjóður til atvinnuuppbyggingar á vegum sveitarfélagsins. Megin hlutverk hans er að efla byggð og atvinnu í sveitinni og styrkja verkefni sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu hreppsins,

<http://www.skeidgnup.is/þjónusta> og í mars Fréttabréfi Skeið-Gnúp. 2010.

Oddviti.

Framboðsmál.

Ákveðið hefur verið að í komandi sveitarstjórnarkosningum bjóði A-Listi og L-Listi fram sameiginlegan lista undir nýjum bókstaf.

Þessir tveir listar hafa starfað saman í meirihluta á kjörtímabilinu, það samstarf hefur gengið mjög vel og í ljósi þess samstarfs er ekki talin ástæða til annars en að þessir aðilar starfi saman áfram í sameinuðu afli. Unnið er að því að setja saman lista og í framhaldi af því verður málefnalistinn endanlega frágenginn.


Undirbúningsnefndin.

Grisjun og klipping!

Hegg ég niður tré og tré
tölum fyrst um verðið.

Einnig fyrir sanngjarnt fé
fegra ég limgerðið!

Bergur Björnsson
Gsm 893-6103



Landnámsdagurinn 5. júní 2010!

Minnum á Landnámsdaginn og að allir sveitungar í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi eru hvattir til að koma með hugmyndir og taka þátt þann 5. júní 2010. Hafið samband við nefndarmenn,

Eypór Hamragerði 2, Valgerði Húsatóftum,
Sigrúnu Fossnesi, Jóhannes Ásólfssstöðum,
Dorothee Löngumýri, Ásborgu ferðamálafulltrúa.



Pistill frá oddvita.

Hjónaball

Það var ein ágætis kona í okkar sveit sem sagði að ef hún væri á skemmtun þá vildi hún ekki trufla skemmtiatriðin meðan á þeim stæði heldur myndi hún hlægja þegar hún kæmi heim. Þessi ágæta aðferð var ekki í hávegum höfð á hjónaballinu í Brautarholti, þar hlógu samkomugestir sem mest þeir máttu af frábærum skemmtiatriðum sem ekki var hægt að bíða með að hlægja að þar til heim kæmi. Maturinn hjá honum Bjarna Birgis var frábær að vanda, síðan sá Jón Bjarnason um að halda uppi stuðinu, hann klikkar ekki í þeim efnum. Að vísu fékk hann óvænta samkeppni um athygli samkomugesta þegar eld-gosið hófst á Fimmvörðuhálsi. En það þarf meira til að fólk hætti að dansa með honum Jóni en að ein gömul eldstöð vakni til lífsins.

Matarsmiðja

Háskólafélag Suðurlands hefur haft forgöngu um að koma af stað átaksverkefni í uppsveitum Árnessýslu sem miðar að því að koma að stofna matarsmiðju á svæðinu, til stendur að ráða starfsmann tímabundið til að koma verkefninu af stað. Hugmyndin er að grænmetisræktin verði aðal þemað í þessari uppbyggingu en síðan verði önnur landbúnaðarframleiðsla einnig tengd inn í þessa vinnu. Mikill áhugi er um þessar mundir á sölu beint frá býli, og getur þetta átaksverkefni verið mjög gagnlegt fyrir framleiðendur á svæðinu til að koma sinni framleiðslu á markað, ekki síst til allra þeirra ferðamanna sem heimsækja uppsveitirnar á hverju ári.

Hreinn brosir

Uppsveitabrosið er viðurkenning sem Ferðamálafulltrúi uppsveitanna veitir árlega einstaklingi eða fyrirtæki. Bros frá uppsveitunum er til þeirra sem hafa lagt ferðapjónustunni á svæðinu lið á jákvæðan, uppbyggilegan hátt og stuðlað að samvinnu. Markmiðið er að senda út jákvæð skilaboð og vekja athygli á því sem vel er gert. Hugmyndin kviknaði í stefnumótunarvinnu 2003 og er þetta í sjötta sinn sem brosið er afhent. Það er Hreinn Óskarsson skógarvörður sem hlýtur „Uppsveitabrosið 2009“ fyrir hönd Skógræktar ríkisins á Suðurlandi. Í rökstuðningi með viðurkenningunni segir.

„Skógarnir eru orðnir vinsælt útivistarsvæði allt árið um kring, jafnt fyrir heimamenn sem ferðamenn. Öll samvinna við Skógræktina hefur verið einstaklega góð í uppsveitunum. Haukadalsskógur og Þjórsárdalsskógur eru vinsæl útivistarsvæði og þar er unnið metnaðarfullt starf við uppbyggingu. Í skógunum eru m.a. merktir göngustígar og einnig sérhannaðir stígar fyrir hjólastóla.“

Ég vil hvetja ykkur til að fara í Þjórsárdalsskóg og skoða hvað þar er verið að gera. Ég óska Hreini til hamingju með þessa viðurkenningu. Starfsmenn skógræktarinnar eru að vinna gott starf í þessum efnum og þar er Hreinn með gott fólk með sér eins og til dæmis Jóhannes á Ásólfstöðum.

Árshátíð Þjórsárskóla

Á árshátíð Þjórsárskóla settu nemendur og starfsfólk upp sýningu um Ronju ræningjadóttur. Allir nemendur skólans fóru með hlutverk í sýningunni. Þetta var frábær skemmtun og sýnir okkur enn og aftur hvað við erum heppin með starfsfólk í þessum skóla, og ekki eru nemendurnir síðri. Ég þakka nemendum skólans fyrir frábæra skemmtun.

Innkaupareglur

Á síðasta fundi sveitarstjórnar voru lögð fram drög að innkaupareglum fyrir sveitarfélagið, þau verða væntanlega samþykkt á næsta fundi sveitarstjórnar. Það er nauðsynlegt að til séu skýrar reglur um með hvaða hætti staðið sé að stærri innkaupum hjá sveitarfélaginu.

Oddviti .

Frítt í sund — syndum oftár!

Vorið er komið.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að ungmenni 18 ára og yngri, sem eiga lögheimili í sveitinni, **fái frítt í sund.**

Nú er um að gera að drífa sig sund, því þetta er ódýr og góð heilsurækt fyrir alla.

Sundgleraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum. Sjáumst í sundi ☺

Sundlaugarverðir
Neslaug - Skeiðalaug

Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010.

Framboðsfrestur vegna kosninga til sveitarstjórna sem fram eiga að fara laugardaginn 29. maí 2010 rennur út kl. 12:00 á hádegi laugadaginn 8. maí 2010. Framboðslistar skulu hafa borist kjörstjórn sveitarfélagsins fyrir þann tíma.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 5 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 10. Tilgreina skal fullt nafn frambjóðenda, kennitölu hans og heimili.

Framboðslistum fylgi yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listana. Framboðslistum skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 20 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 40. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar.

Með hverjum lista skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn hans.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni G. Bjarnason
í síma 893-5512.

Kjörstjórn
Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Priðja og síðasta vetrarmót Smára 2010

Minum á þriðja og seinasta vetrarmót Smára sem fram fer núna á **laugardaginn 17. Apríl kl 13:00**

Keppt verður í:

pollaflokkur - 9 ára og yngri
barnaflokkur - 10-13 ára
unglingaflokkur - 14-17 ára
ungmennaflokkur 18-21 árs
fullorðinsflokkur 1 og 2 flokkur
unghrossaflokkur hross fædd 2005 og 2006



Skráningargjald er í alla flokka nema pollaflokk og barnaflokk, 1000 kr á skráningu sem greiðist á staðnum.

Skráning er á staðnum og hefst kl 11:30. Skráningu lýkur 12:50

Riðið verður í þessari röð:

Pollaflokkur
Unghrossaflokkur
Barnaflokkur
Unglingaflokkur
Ungmennaflokkur
Fullorðinsflokkur 2
Fullorðinsflokkur 1

Keppendur eru beðnir um að mæta í flíkum sem hægt er að næla númerin á bakið á þeim.

Kaffisala í Reiðhöllinni.

Hvetjum sem flesta til að koma og vera með eða bara koma og horfa á og hitta fólkið!

Vonumst til að sjá sem flesta
Mótanefndin

Næsta Fréttabréf kemur út föstudagurinn 14. maí.

Skilafrestur efnis er til sunnudagsins 9. maí.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Kristjana Gestsdóttir - frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður Gunnar Örn Marteinsson, oddviti.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is



TAXI – TAXI

LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA: **893-1462 (UNNAR)**

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður

Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079


fossnes@uppsveitir.is

Handverks og sögusýning Íðufelli, Laugarási, Hótel Hvítá

Um hvítasunnuhelgina 21.- 24. maí
verður haldin handverks- og sögusýning á

Hótel Hvítá.

Á sýningunni verður eins og nafnið gefur
til kynna ýmis konar handverk, ásamt sýningu á gömlum munum.
Handverksfólki gefst nú kostur á að bóka bás til að sýna og selja
vörur sínar. Sýningin opnar föstudaginn 21. maí kl. 15:00 - kl.
20:00. Laugardag, sunnudag og mánudag verður opið kl. 12:00 -
19:00. Þetta er sölusýning og kjörinn vettvangur fyrir handverks-
fólk að koma saman og selja vöru sína. Áhugasamir hafi samband
við Snæbjörn Magnússon, á Hótel Hvítá sími 486 1300 netfang
hotelhvita@simnet.is




Nánari upplýsingar og teikningar af sýningarsvæði á
<http://hotelhvita.123.is>

Körfuboli - Fótbolti!

Við æfum körfubolta í Árnosi á
fimmtudagskvöldum á meðan að einhver vill spila
og svo er það fótboltinn á sunnudagskvöldum á
sparkvöllinum við Þjórsárskóla. Mæting kl. 20:30
Allir velkomnir.

Sumarkveðja
UMF Gnúpverja.



Á bak við eldavélina



Ég þakka Helgu í Vorsabæ fyrir áskorunina og ætla að koma með nokkrar uppskriftir af vinsælum réttum á okkar heimili.

Byrjum á
kartöfluböku úr Rínardalnum í Þýskalandi (fyrir 5-6 manns)

1,5 -2 kg kartöflur

2 laukar

1 þúrrulaukur

250-400 g bacon (má vera aðeins meira – eftir smekk)


4-5 egg

Brauðmysla eða þurrt brauð(eins og 5-6 brauðsneiðar af samlokubrauði)

u.þ.b. 100 ml mjólk

olía (t.d. sólblóma, ekki olífuolía)

salt og pipar eftir smekk.



Eplamús til að borða með kartöflubökunni.

Byrjað á því að frysja kartöflurnar. Kartöflur og laukur er svo sett í matvinnsluvél og rífið. Brjótið brauðið og mýkið í mjólkinni. Þúrrulaukinn skal skera í þunnar sneiðar (eins fínt og þolinmæði leyfir). Baconið skal einnig skera í lengjur, en það má skilja nokkrar lengjur eftir til að setja ofan á bökuna í lokin.

Hellið vökvanum af kartöflumaukinu og setjið allt hráefnið sem hefur komið við sögu hingað til í skál. Nú skal bæta eggjum við og góðum skammti af olíunni. Síðan er best að blanda öllu með höndunum. Salt og pipar er bætt við og það má ekki spara hér. Þessi réttur þolir talsvert salt og pipar og einnig nógu mikið af olíu (kannski 200 ml – jafnvel meira).

Svo skal finna góðan pott sem hægt er að setja í ofninn. Ég nota alltaf stóran gamlan járnþott með loki.

Ég byrja á því að hella góðum skammti af olíu ofan í pottinn. Síðan er öllu hráefninu hellt ofan í pottinn og jafnað út og verður það u.þ.b. 10 cm þykkt. Það má setja baconlengjur ofan á.

Lokið sett á og allt sett í ofninn við u.þ.b. 180-200 °C. Baksturinn tekur u.þ.b. 2 – 2,5 klst. Takið lokið af síðustu 15-20 mín. Best finnst okkur að borða bökuna með eplamús og e.t.v. salati.

Svo datt mér í hug að deila með ykkur uppskrift af salati sem er fljót gert og hægt að aðlaga auðveldlega að fjölda gesta.

Papriku-mais salat (fyrir 4-6 manns)

Sýrður rjómi (1 eða 2 dollur)

1 dós maís

2-3 paprikur (rautt og grænt í bland), eða 1 poki frosin paprika

1 sítróna

Krydd (graslaukur, melissa, dill, thymian..... allt sem til er)

Sykur (eftir smekk)

Setjið sýrðan rjóma, sítrónusafa, sykur og kryddjurtir saman í skál og hrærið vel.

Bætið maís út í og papriku sem búið er að skera í litla bita (eða innihald pokans með frosinni papriku).

Hræra = tilbúið!

Pegar fleiri gestir bætast í hópinn þá er ekkert mál að bæta við eitthvað af öllu.

Og svo kemur hér uppskrift af **rabarbaraköku** sem er mikið notuð hér á bæ:

Deig

150 g hveiti eða heilhveiti

150 g smjör eða smjörlíki

50 g kartöflumjöl

3 egg

2 tsk lyftiduft

150 g sykur

vanillusykur

Smjörið látið standa við stofuhita og síðan hrært vel. Sykri smám saman bætt út í og svo eggjum, eitt í einu. Vanillusykri bætt við og svo hveiti, kartöflumjöli og lyftidufti. Hrærist vel.

Fylling.

700 g rabarbarabitar

1-2 epli (helst Jonagold)

1 msk kanill

50 g sykur

1 msk vanillusykur

100 g rúsínur

100 g hakkaðar möndlur eða heslihnetur



Epli skræld og skorin í teninga, blandað við rabarbarann, einnig sykri, kanil, vanillusykri, rúsínum og möndlum/heslihnetum og öllu hrært saman.

Kringlótt bökunarform (26-28 cm í þvermál) smurt með smjöri eða smjörlíki.

Deigið sett í, fyllingu dreift yfir og þrýst aðeins ofan í. Reynið að halda vökvanum frá. Bakist við 180 °C í klukkustund.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora síðan á Bolette Höeg á Hæli til að koma með eitthvað gott í næsta blaði.

Með góðri kveðju.

Dóra (Dorothee) á Löngumýri.



Rauði kross Íslands

Skyndihjálparnámskeið

verður haldið í Brautarholti 18. apríl frá kl: 10.00-18.00

Leiðbeinandi er Viðar Arason sjúkraflutningsmaður.

Námskeiðið er fyrir alla íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem náð hafa 14 ára aldri. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þekkingu og færni í að beita einföldum aðferðum skyndihjálpar og geti greint ein-kenni algengra sjúkdóma og áverka.

**Námskeiðið er þátttakendum að
kostnaðarlausu og er í boði:**

*búnaðarfélaganna, kvenfélaganna og ungmennafélaganna í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi*

Skráning fyrir 15. apríl hjá

Ásmundi Norðurgarði, s: 895-8436

Petu Laxárdal, s: 899-2910

Eigendur óskráðra hunda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi!

Munið að skrá hundana ykkar!

Aðeins örfá atriði þarf að uppfylla.

- Fá örmerkingu hjá dýralækni.
- Fá váttryggingu fyrir hundinn hjá tryggingafélagi.
- Skrá hann á hreppsskrifstofu/ nafn, teg. aldur og hafa meðferðis örmerki og afrit af tryggingu.
(eyðublað á www.skeidgnup.is/stjornkerfið.)
- Greiða einungis 1000,- og þá fær viðk. hundur plötu sem alltaf skal vera um háls hans.

Leyfið ykkar hundi að hafa öll sín mál á hreinu!

Oddviti.



Vinnuskólinn 2010.

Nemendum í 8. og 9. bekk gefst kostur á að vinna í Vinnuskólanum í sumar. Vinnuskólinn byrjar 14. júní og gert er ráð fyrir að hann starfi í 7 vikur. Skilyrði fyrir því að nemendur fái vinnu er að þeir eigi

lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl og skráning fer fram á hreppsskrifstofunni í síma 486-6014.

Oddviti

Atvinna í boði.

Starfskraft vantar við áhaldahús hreppsins í júní og júlí. Starfið felst í að vinna með unglingum í vinnuskóla og önnur tilfallandi störf.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 486-6014.

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

Opnunartími:

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22



Fyrirlestur um klæðnað og búningagerð að Hótel Heklu sunnudaginn 18. apríl kl. 13:00.



Hverju klæddust hetjurnar til forna;
Gaukur á Stöng, Þuríður á Steina-
stöðum, Gunnar á Hlíðarenda,
Hallgerður o.fl.

Nú gefst einstakt tækifæri til að
fræðast.

Kristina Berman hefur um árabíl starfað
við búningagerð og textilvinnu fyrir
söfn og sýningar. Hún mun fjalla um
endurgerð fatnaðar, snið, efni, liti,
klæðnað eftir stéttum o.s.frv.

Í framhaldi af fyrirlestrinum verða
upplýsingar aðgengilegar þeim sem
hafa áhuga á að vinna klæðnað.

Áhugasamir skrái þátttöku:
asborg@ismennt.is sími 898 1957.

Þingborgarmótið 1. maí! Krakkar, nú er um að gera að æfa!

Munið íþróttæfingar í Brautarholti á laugardögum.

Rúnar Hjálmarsson leiðbeinir

10 ára og yngri kl.12:30 – 13:30,

11 ára og eldri kl.13:30 15:00.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Kær kveðja. Stjórn
UMF Skeiðamanna.



Landbúnaðarverslun



Sendum með
mjólkurbílum

Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Oliu- og
hreinsivörur



Kústar, kvíslar
sleggjur og
járnkárlar



Salernispappír
og þurrkur
ýmisskonar



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

Árnes 40 ára.

Á sumardaginn fyrsta þann 23. apríl 1970 var Félagsheimilið Árnes vígt og er því 40 ára um þessar mundir. Hafist var handa við byggingu þess árið 1967 og gekk verkið vel. Bárður Daníelsson teiknaði húsið og yfirmiður var Stefán Kristjánsson. Ungmennafélag og kvenfélag Gnúpverjahrepps hjálpuðu myndarlega til við bygginguna með margs konar sjálfböðavinnu. Með tilkomu félagsheimilisins efl-dist öll félagsstarfsemi sveitarinnar og leysti húsið Ásaskóla af hólmi sem hafði þjónað hreppnum með því sem næst allt skemmtanahald frá árinu 1923 en þá var skólinn byggður og svo nokkru síðar salur við hann.

Enn er mikil starfsemi í Árnese m.a. hefur grunnskólamötu-neyti verðið starfrækt þar og þá stendur til að opna á afmælis-árinu upplýsingamiðstöð og upplifunarstofu um Þjórsá og sjálfa sveitina sem hefur fengið nafnið Þjórsárstofa.

Vonast er til að með því geti enn fleiri fundið sér eitthvað við hæfi innan veggja Félagsheimilisins Árnese.

